

Erling Andersen kt. 110836-5899  
Lækjargötu 9 Hafnarfirði.

3/7-2013

Berist til Bygginganefndar/byggingafulltrúa Hafnarfjarðar.

Í tvígang hafa til mín leita íbúar hússins nr. 11 við Lækjargötu vegna fyrirhugaðra stækkunarframkvæmda á húsinu nr. 11 og kynnt mér fyrirhugaðar stækkunarframkvæmdir og óskað þess að ég samþykkti þær.

Í bæði skiptin hafnaði ég því að þessar framkvæmdir ættu sér stað á forsendum þess, að fyrirhuguð stækkun sé allt of mikil og skyggi á glugga í húsi mínu og taki þar með af alla morgunsól, auk þess að takmarka umtalsvert almennt útsýni frá mínu húsi. Gert er ráð fyrir að stækkunin nái að lóðamörkum, verði á einni hæð og með verönd ofan á fyrirhugaðri viðbyggingu þannig að ofan af veröndinni yrði hindrunarlaust útsýni, inn í hús mitt.

Mér skilst, að teikningar hafi verið samþykktar í bygginganefnd en framkvæmdaleyfi enn ekki gefið út, enda grenndarkynningu ekki fullnægt, það er, að ég sem nágrenni hef ekki fallist á framkvæmdina.

Ég vil koma því skýrt á framfæri, að leyfi verði ekki gefið út vegna fyrirhugaðrar framkvæmdar þar sem ég tel ljóst, að hún muni valda mér tjóni í formi skerðingar á útsýni og þar af leiðandi hugsanlegu fjártjóni vegna lækkunar á söluverðmæti eignar minnar.

Ég læt þá ósk í ljósi að bygginganefnd heimili ekki þessa framkvæmd en geri ella fyrirvara um skaðabætur.

Verði ekki orðið við þessari kröfu minni, áskil ég mér allan rétt til að leita réttar míns.

Virðingarfyllst

  
Erling Andersen